

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis

Frá SFF

Efni: Umsögn um frumvarp tii iaga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 219. mál.

Dags. 12. desember 2008

SFF fengu frumvarpið til umsagnar síðdegis í gær og hafa því haft afar líttinn tíma til að skoða frumvarpið. Samtökin benda á að mikilvægt er að Alþingi gefi sér tíma til að fara vandlega yfir málið og hlusti á raddir hagsmunaaðila en setji ekki í óðagoti miklar hömlur á fjárfestingarleiðir í lífeyriskerfinu strax eftir hrun bankakerfisins. Segja má að þjóðfélagið allt sé "litað" af núverandi efnahagsástandi en mikilvægt er að horfa til framtíðar og ganga ekki lengra en nauðsyn krefur þegar settar eru hömlur á fjárfestingakosti einstaklinga.

SFF gera athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við 10. grein.

- 10. grein e-liður þrengir fjárfestingarheimildir samtryggingarsjóða óþarflega mikið. Lífeyrissjóðum er skylt að skipta niður undirliggjandi eignum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á aðrar eignir skv. 7. lið 1. mgr. 36. gr. Ef lífeyrissjóður stenst takmarkanir 36. greinar er að mati SFF óþarfi að takmarka fjárfestingar lífeyrissjóða í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Færa má rök fyrir því að fjárfestingar í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum auki öryggi sjóðfélaga þar sem að um þá gilda ströng lög um eignasamsetningu og opinbert eftirlit. Með því að fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum er því í raun komið á tvöföldu eftirliti, í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði annars vegar og lífeyrissjóði hins vegar.
- Rökum í athugasemdum um hagsmunaárekstra með fjárfestingum í sjóðum er hafnað. Lífeyrissjóðir sem eru í rekstri og/eða stýringu hjá fjármálafyrirtækjum geta átt sambærilegt eignasafn í stökum verðbréfum eins og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir sama fjármálafyrirtækis. Takmörkun á fjárfestingum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum kemur því ekki í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra.

Athugasemdir við 11. grein.

- SFF leggja til að 11. gr. falli út í heild sinni. Í greininni er lögð til mikil takmörkun á fjárfestingarheimildum vegna séreignarsparnaðar. Mikilvægt er að hafa í huga að séreignallífeyrissparnaður er ekki hluti af skyldubundnu samtryggingarkerfi heldur er um að ræða viðbótarparnað sem enginn er skyldur til að taka þátt í. Eðlilegt er að einstaklingar hafi ákvörðunarvald í sínum fjárfestingum sem ekki teljast til samtryggingarkerfisins. Mikilvægt er að hafa í huga að einstaklingar geta farið út í áhættusamar fjárfestingar með eigið fé fyrir utan séreignallífeyrissparnaðarkerfið. Ljóst er að sú takmörkun sem lögð er til í 11. gr. heftir mjög valfrelsi þeirra einstaklinga sem kjósa að leggja í séreignarsparnað. Mikilvægt er að aðstæður á mörkuðum í dag leiði ekki til ákvarðana um að þrengja val einstaklinga um góða fjárfestingarkosti, t.d. í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í ríkisskuldabréfum.
- Í d-lið 11. greinar frumvarpsins er tiltekið að vörsluaðila séreignarsparnaðar er ekki heimilt að hafa meira en 30% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Þessi takmörkun er að mati SFF óþörf og erfitt er að sjá að hún þjóni hagsmunum eigenda séreignarsparnaðar eða leiði til aukinnar áhættudreifingar. Þessi takmörkun þrengir möguleika vörsluaðila séreignarsparnaðar til að bjóða upp á góða fjárfestingarkosti. T.d. er komið í veg fyrir að vörsluaðili geti boðið upp á ríkisskuldabréfasjóð í stýringu hjá sama rekstrarfélagi. Þessi

takmörkun getur einnig leitt til minni áhættudreifingar þar sem hún hvetur til þess að fjárfest sé í stökum verðbréfum frekar en sjóðum.

Bent er á að réttthafar sem hafa valið áhættusamar fjárfestingarleiðir og tapað hluta af viðbótarllfeyrissparnaði sínum vegna bankakreppunnar verða með breytingunum settir í þá stöðu að mjög langan tíma gæti tekið þá að vinna upp tapið. Ástæðan er sú að verði frumvarpið að lögum þá verða þeir að flytja inneign sína í áhættuminni leiðir þar sem tækifæri á hárrí ávöxtun eru minni heldur en í þeim fjárfestingarleiðum sem viðkomandi hefur valið. Réttthafar hafa valið áhættusamari leiðir með von um hærri ávöxtun og að sveiflur muni jafnast út á löngum tíma. Forsendur þeirra ákvörðunar eru algjörlega brostnar ef að sjóðfélagi þarf að innleysa sparnað sinn á þeim tímapunkti þegar gengi leiðarrinnar er í botni og hefja greiðslur í áhættuminni leiðir.